

## 043/00 - BV. Rán HF-42

Rán HF-42, skipverji slasast þegar verið er að taka inn veiðarfæri

### BV. Rán HF-42

**Skipaskr.nr.:** 2182

**Smíðaður:** á Spáni 1990 úr stáli

**Stærð:** 598,02 brl; 1.199,00 bt

**Lengd:** 51,45 m **Breidd:** 11,90 m **Dýpt:** 7,23 m

**Vél:** Wartsila 2.200,00 kW **Ágerð:** 1991

**Annað:**

**Földi skipverja:** 26



Rán ©Fiskifélag Íslands

### Atvikalýsing

Hinn 10. mars 2000 var bv. Rán HF-42 að veiðum undan ströndum Norður-Noregs. Veður: norðan 5-7 vindstig (kaldaskítur), kvika og mikil hreyfing.

Þegar hlerar komu í gálga kom í ljós að dauðileggur stjórnbörðsmegin var mikið strekktur og ljóst að bakstroffur voru slitnar. Var tekið til við að koma keðjuvasa á dauðalegginn svo að fá mætti slaka til að húkka úr hleranum og í grandaraleiðarann.

Var skipverji að setja pokagilsinn í gegnum togblökkina sem nota átti til að ná slaka á dauðalegginn. Við það þurfti hann að standa uppi á palli og greip eftir handfestu um togvírinn fyrir framan togblökkina. Í því gaf togspilið aðeins eftir og seig hlerinn lítillega. Við það dróst hönd skipverjans í togblökkina og klemmdist hún illa. Þegar bremsur voru teknar af til þess að hífa í togvírinn slaknaði á togvírnum aftur áður en híft var í til að losa hendina.

Hlúð var að skipverjanum um borð og leitað leiðbeininga lækna í gegnum síma. Að höfðu samráði við lækna var fengin þyrla til að sækja hinn slasaða og var hann fluttur til Noregs.

### Við rannsókn kom fram

- að slasaði sagðist hafa farið eins að í nokkur skipti áður en slysið varð, þ.e. að nota togvírinn sem handfestu;
- að einn skipverja sagði að miðað við aðstæður sé ekki neitt óeðlilegt við að bremsur gefi eftir;
- að annar skipverji, sem sagðist vera vanur að stjórna hífingu, sagði að ef hífa þyrfti í togvírinn eftir að stoppað hafi verið sé næsta ógjörningur að hindra að lítilsháttar slaki komi á vírinn áður en híft er aftur. Hann sagði einnig að venjan væri að skipverjar héldu sér í togblökkina við þessar aðstæður en ekki togvírinn;
- að þriðji skipverjinn sagði að aðstæður væru þannig við að koma gilsinum í gegnum togblökkina að þörf væri á góðum stuðningi (handfestu) við verkið;
- að þar sem slasaði greip um togvírinn fyrir framan togblökkina var splæs og festist hanski, er hann var með á hendinni, í splæsinu;
- að eftir slysið var breytt um vinnuaðferð við að koma gilskrók til að hífa í dauðalegginn. Nú er krókurinn tekinn af og aðeins augað á vírnum sett í gegnum togblökkina.

### Nefndarálit

Nefndin telur að orsök slyssins sé að hlaupari (togvír) er notaður sem handfesti. Nefndin hefur ítrekað bent á að varhugavert er að nota hlaupara (víra, keðju eða tóg sem notað er til

að hífa með eða slaka þungum hlutum) sem handfestur.

Sú breyting sem gerð hefur verið á vinnuaðferð við þær aðstæður sem þarna voru, slitnar bakstroffur, sé jákvæð þróun.